

TENGIPUNKTUR Í DJÚPI

Minnisblað um staðsetningarkosti

Gert: 03.04.2018/spí

Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir um helstu staði sem skoðaðir hafa verið fyrir tengipunkt í Djúpi og tilheyrandi línulögn frá Vesturlínu í botni Kollafjarðar. Tilgreindir eru helstu kostir og gallar fyrir hvern stað með tilliti til fyrirhugaðrar háspennulínu frá Kollafirði að tengipunktinum. Vísað er til meðfylgjandi korts og töflu með helstu vegalengdum. Þetta eru drög sem byggjast á lauslegu mati á aðstæðum. Einnig er fyrirvari um lengd tenginga frá Austurgili, Hvalá (og Þverá), því að útfærsla línuleiða liggur ekki fyrir.


- Nauteyri:** Tengipunkturinn er á áreyrum norðan Þverár, um 200 m neðan Þjóðvegur í 10 m hæð yfir sjó. Staðurinn er neðan við 10 m háan melbakka og ber því lágt. Hann er aðgengilegur og liggur vel við tengingum frá virkjunum við Austurgil, Hvalá og Þverá, en síðastnefnda virkjunin er fyrirhuguð í mynni Hvannadals um 3,5 km suðaustan við staðinn. (Fleiri staðir þarna í grennd koma til greina fyrir tengipunktinn). Frá sjónarhóli Landsnets er helsti ókosturinn löng tengilína frá Vesturlínu og lenging á línuleiðum til Ísafjarðar og Hólmavíkur–Geiradals. Tengilínur frá ofangreindum virkjunum styttest að sama skapi og er þessi staður því væntanlega hagstæðastur frá sjónarmiði virkjunaraðila.
- Lágidalur:** Tengipunkturinn er innarlega í Lágadal í um 135 m hæð yfir sjó, um 250 m frá vegi yfir Steingrímsfjarðarheiði. Lína að tengipunktinum úr Kollafirði myndi væntanlega liggja austan við Laugabólsdal (Húsadal), síðan þvert yfir Langadal utan við eyðibýlið Bakkasel, og loks norður að tengipunktinum í Lágadal. Það er helst í Langadal og í botni Lágadals sem línan verður áberandi. Lágidalur er nokkuð miðsvæðis og styttir línuleiðir Landsnets um 22,1 km miðað við Nauteyri. Tengilínur frá Austurgili, Hvalá og Þverá lengjast um samtals 24 km (gróft mat).
- Miðdalur:** Tengipunkturinn er innst í Miðdal, í um 290 m hæð yfir sjó, um 150–200 m frá vegi yfir Steingrímsfjarðarheiði. Væntanlega eru meiri snjóþyngsli þar en í Lágadal. Svipað má segja um Miðdal og Lágadal, að hann er nokkuð miðsvæðis og styttir línuleiðir Landsnets enn frekar (22,1 + 7,3 km), en tengilínur frá virkjunum við Austurgil, Hvalá og Þverá lengjast um samtals 25 km miðað við Nauteyri. Ef tenging frá Hvalá kemur niður í botn Miðdals, þá liggur Miðdalur betur við þeirri tengingu en Lágidalur. Línuleið úr Kollafirði að Miðdal yrði svipuð og að Lágadal, nema austan Langadals, þar sem tekin yrði stefna austur að Miðdal. – Hægt væri að stytta leiðina úr Kollafirði um 2,5 km með því að fara niður Efrabólsdal (austan ár) og yfir Langadal sunnan við Bakkasel. Talið er að sú leið liggji um viðkvæmara svæði og nánd við sumarbústað í Bakkaseli er meiri.
- Laugabólsdalur:** Tengipunkturinn er innarlega í Laugabólsdal, austan ár, í um 40 m hæð yfir sjó. (Tengipunktur utar í dalnum væri aðgengilegri, en erfiðara er þá með tengingar að og frá). Um dalinn liggur fjallvegurinn yfir Kollafjarðarheiði og um 700 m utan við tengipunktinn er sumarbústaður og skógrækt. Þessi staður hefur í för með sér minnstar línulagnir fyrir Landsnet. Tengingar frá virkjunum við Austurgil, Hvalá og Þverá lengjast um samtals 40 km miðað við Nauteyri og er þessi staður því væntanlega óhagstæðastur fyrir virkjunaraðila. Línuleið úr Kollafirði myndi að mestu vera vestan vegarins yfir Kollafjarðarheiði, hugsanlegt er að kaflinn næst tengipunkti þyrfti að vera jarðstrengur.
- Langidalur:** Á meðfylgjandi korti er sýndur tengipunktur í Langadal á milli Laugabólsdals og Miðdals. Hann gæti verið sunnan við Kirkjuból, u.þ.b. þar sem línuleiðirnar beygja yfir í Laugabólsdal; landhæð er þar um 60 m yfir sjó. Staðurinn gefur færi á línuleið úr Kollafirði austan Laugabólsdals. Línulagnir Landsnets yrðu um 2,5 km lengri en miðað við Laugabólsdal. Tengilínur frá virkjunum við Hvalá, Austurgil og Þverá verða auðveldari og styttest um 3x2,8 km. Munar þar mestu að þurfa ekki að fara yfir hálsinn milli Laugabóls- og Langadals. Langidalur er að því leyti hagkvæmari staður en Laugabólsdalur. Langadalsá er laxveiðiá og er talsverð sumarumferð um dalinn tengd veiðinni.

6. **Almennt um línuleiðirnar:** Í Kollafirði yrði sett tengivirki í Mjólkárlínu 1 vestan Fjarðarhornsrár, í landi Kletts. Hugsanlegt er að fyrstu 1.500 m línunnar yrðu jarðstrengur, en síðan tæki við loftlína inn dalinn og upp á Kollafjarðarheiði. Á þeim kafla verður línan nokkuð áberandi frá fjallveginum yfir heiðina. Þegar upp er komið koma tvær leiðir til greina: Annars vegar vestari leið niður Lambatungu og Geitadal að tengipunkti í Laugabólsdal (e.t.v. jarðstrengur næst tengipunktinum). Þaðan yrði farið austur yfir hálsinn yfir í Langadal og áfram að tengipunktinum við Nauteyri, Lágadal eða Miðdal. Hins vegar austari leið, austan Húsadals og Laugabólsdals, sem kæmi niður í Langadal sunnan við Kirkjuból. Þaðan væri hægt að fara þvert austur yfir dalinn að tengipunktum í Lágadal eða Miðdal. Til að komast að Nauteyri þarf annað hvort að fara með jarðstreng út Langadalinn, eða fara út hálsinn vestan Langadals, en líklega þarf ysti hluti þeirrar leiðar að vera jarðstrengur. Hægt er að stytta sér leið að Lágadal (um 1,2 km) og Miðdal (um 2,5 km) með því að fara niður Efrabólsdal (austan ár), en talið er að sú leið liggi um viðkvæmara svæði og nánd við sumarbústað í Bakkaseli er meiri (300–400 m).
7. **Samráð:** Takmarkaðar upplýsingar eru um hver afstaða hagsmunaaðila er til ofangreindra kosta.
8. **Matsskylda:** Háspennulína frá Vesturlínu að tengipunkti í Djúpi er matsskyld framkvæmd (ef hún er loftlína). Væntanlega verða ofangreindir valkostir lagðir fram í slíku matsferli og bornir saman.

Dreifing: Landsnet: Aðalsteinn Guðmannsson og Árni Jón Eliasson.

Línur frá tengipunktum	Loftlína, km	Jarðstrengur, km	Sæstrengur, km	Samtals, km	Hluttur Landsnets
Nauteyri					
Tenging frá Vesturlínu (MJ1 - Kollafjörður)	32,6	0	0	32,6	
Tenging þriggja virkjana (Hvalá, Austurgil, Þverá)	0,0	60,0	0	60,0	
Tenging til Ísafjarðar	62,0	11,9	0	74,0	
Tenging til Hólmavíkur - Geiradals	42,2	35,0	0	77,2	
				243,8	183,8
Lágidalur					
Tenging frá Vesturlínu (MJ1 - Kollafjörður)	26,1	0	0	26,1	
Tenging þriggja virkjana (Hvalá, Austurgil, Þverá)	0,0	84,0	0	84,0	
Tenging til Ísafjarðar	67,1	0	0	67,1	
Tenging til Hólmavíkur - Geiradals	42,2	26,3	0	68,5	
				245,7	161,7
Miðdalur					
Tenging frá Vesturlínu (MJ1 - Kollafjörður)	24,9	0	0	24,9	
Tenging þriggja virkjana (Hvalá, Austurgil, Þverá)	0,0	85,0	0	85,0	
Tenging til Ísafjarðar	66,0	0	0	66,0	
Tenging til Hólmavíkur - Geiradals	37,2	26,3	0	63,5	
				239,4	154,4
Laugabólsdalur					
Tenging frá Vesturlínu (MJ1 - Kollafjörður)	18,6	0	0	18,6	
Tenging þriggja virkjana (Hvalá, Austurgil, Þverá)	0,0	100,0	0	100,0	
Tenging til Ísafjarðar	59,0	0	0	59,0	
Tenging til Hólmavíkur - Geiradals	43,7	26,3	0	70,0	
				247,6	147,6
Langidalur					
Tenging frá Vesturlínu (MJ1 - Kollafjörður)	21	0	0	21,0	
Tenging þriggja virkjana (Hvalá, Austurgil, Þverá)	0,0	92,0	0	92,0	
Tenging til Ísafjarðar	61,5	0	0	61,5	
Tenging til Hólmavíkur - Geiradals	41,3	26,3	0	67,6	
				242,1	150,1

Tafla með helstu vegalengdum. Tenging þriggja virkjana, sem er samanlögð lengd tenginga frá Austurgili, Hvalá og Þverá, ætti að gefa góða hugmynd um mismun á milli valkosta, en er með fyrirvara um að línuleiðir hafa ekki verið útfærðar.



Kort sem sýnir staðina sem hér eru til umræðu: Nauteyri, Lágadal, Miðdal og Laugabólsdal. Einnig punkti við fyrirhugaða Þverárvirkjun og punkti í Langadal (án nafns) milli Miðdals og Laugabólsdals.